



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Nordisk Mobil Ísland ehf

**Tíðniheimild
fyrir langdrægt stafrænt farsímakerfi
á 450 MHz tíðnisviði
sem þjóni landinu öllu og miðunum**

Efnisyfirlit:

1	<i>Handhafi tíðniheimildar</i>	3
2	<i>Heimild til tíðninothunar</i>	3
3	<i>Skipting tíðnisviðsins og afhendingartími</i>	3
4	<i>Samrekstur með NMT kerfinu</i>	3
5	<i>Útbreiðslusvæði og útbreiðslukort</i>	3
6	<i>Staðfestar upplýsingar um útbreiðslu</i>	4
7	<i>Hraði uppbyggingar</i>	5
8	<i>Framkvæmdaáætlun</i>	5
9	<i>Lágmarksjónusta sem veita skal</i>	5
10	<i>Opinn aðgangur</i>	5
11	<i>Tæknilegir eiginleikar í farsímanetinu</i>	6
12	<i>Fjarskiptavirki</i>	6
13	<i>Ákvæði vegna þráðlausra fjarskipta</i>	6
14	<i>Gjöld</i>	7
15	<i>Framsalsbann</i>	7
16	<i>Breytingar á ákvæðum heimildarinnar</i>	7
17	<i>Upplýsingaskylda og eftirlitsúrræði</i>	7
18	<i>Afturköllun tíðniheimildar og önnur þvingunarúrræði</i>	8
19	<i>Opinber birting tíðniheimildar</i>	8
20	<i>Gildistími</i>	8
	<i>Kort 1: Útbreiðslusvæði á landi</i>	9
	<i>Kort 2: Útbreiðslusvæði á sjó - talþjónusta</i>	10
	<i>Kort 3: Útbreiðslusvæði á sjó – 60% með 1 Mbps</i>	11

1 Handhafi tíðniheimildar

Nordisk Mobil Ísland ehf, kt. 471206-1050

er hér með veitt heimild til notkunar á tíðnisviði til uppbyggingar og reksturs langdrægs stafræns farsímakerfis, sem byggir á CDMA 2000 staðlinum.

2 Heimild til tíðninotkunar

Tíðniheimildin gildir fyrir allt landið og felur í sér eftirfarandi tíðnisvið, sem er 2 x 4,5 MHz, samtals 9,0 MHz:

452,9875 - 457,4875 MHz / 462,9875 – 467,4875 MHz (2 x 4,5 MHz)

Hafi fyrirtækið ekki tekið í notkun innan 12 mánaða frá dagsetningu heimildar þessarar að neinu leyti tíðnisvið það sem því er heimilað að nota skv. 1. mgr. áskilur Póst- og fjarskiptastofnun sér rétt til að afturkalla heimildina. Sama gildir ef þjónusta fyrirtækisins er lögð niður lengur en í 6 mánuði samfelld.

Póst- og fjarskiptastofnun getur farið fram á að fyrirtækið breyti eiginleikum tæknibúnaðar sem tengjast tíðniheimild þessari í því skyni að efla hagkvæmni í tíðninotkun eða til þess að draga úr truflanavanda. Póst- og fjarskiptastofnun skal í samráði við fyrirtækið leitast við að halda kostnaði við slíkar breytingar í lágmarki.

3 Skipting tíðnisviðsins og afhendingartími

Tíðniréttthafi fær aðgang að tíðnisviði því, sem tilgreint er í 2. kafla, í tveimur áföngum:

Eigi síðar en 1.2.2008 skal taka 1/3 tíðnisviðsins í notkun, en frá sama tíma verður tíðniheimild vegna NMT kerfisins skert að sama skapi.

Eigi síðar en 1.1.2009 skal taka afganginn, þ.e. 2/3 tíðnisviðsins, í notkun, þ.e. þegar starfrækslu NMT-kerfisins verður hætt.

Fyrirtækið skal hafa samráð við rekstraraðila NMT kerfisins um hvaða hluti tíðnisviðsins verður tekinn í notkun í fyrsta áfanga. Ef ekki næst samkomulag um það fyrir 1. ágúst 2007 mun PFS úrskurða í málinu fyrir 1. september 2007.

Ein 25 kHz rás á tíðnisviði því, sem tilgreint er í 2. kafla, er nú í notkun. Nánar tiltekið er hér um að ræða starfrækslu boðkerfis á vegum Landspítala háskólasjúkrahúss, sem vinnur á 465,325 MHz. Fjórir sendar eru starfræktir og eru allir staðsettir á höfuðborgarsvæðinu. Umrætt 25 kHz tíðnisvið verður laust til ráðstöfunar fyrir farsímakerfið eigi síðar en 1. janúar 2009.

4 Samrekstur með NMT kerfinu

Farsímakerfið skal ekki valda truflunum á núverandi NMT 450 kerfi.

Fyrirtækið getur hins vegar ekki gert kröfu um að nýja kerfið verði ekki fyrir truflunum frá NMT kerfinu miðað við óbreyttan rekstur þess.

5 Útbreiðslusvæði og útbreiðslukort

Fyrirtækið skuldbindur sig til þess að byggja farsímakerfið þannig að stærð þjónustusvæðis þess sé að lágmarki eins og skilgreint er hér að neðan.

Við mat á útbreiðslu er gerður greinarmunur á svæðum eftir þeim gagnaflutningshraða, sem í boði er á hverju svæði:

Svæði A: Lágmarkspjónusta, til þess að svæði teljist hluti útbreiðslusvæðis. Talpjónusta og SMS er tryggð og gagnaflutningshraði a.m.k. **128 kbps** í báðar áttir.

Svæði B: Gagnaflutningshraði a.m.k. **1 Mbps** til notanda

Svæði C: Gagnaflutningshraði a.m.k. **2 Mbps** til notanda

Miðað er við að ofangreindur gagnaflutningshraði sé tryggður (hámarkshraði í niðurhali aðgengilegur notendum á svæðinu).

Gerður er greinarmunur á því hvort um er að ræða þjónustu **á landi** eða **á hafi úti**. Fyrirtækið skuldbindur sig til að flatarmál hvers svæðis verði að lágmarki samkvæmt neðangreindri töflu:

	Svæði A	Svæði B	Svæði C
Á landi	93.700 km ²	93.700 km ²	93.700 km ²
Á hafi úti	140.000 km ²	70.000 km ²	0 km ²

3 útbreiðslukort, sem fylgdu tilboði fyrirtækisins, eru hluti af tíðniheimild þessari:

Kort 1: Þjónusta á landi, samtals 93.7000 km²: Talpjónusta með handsímum utanhúss og >2 Mbps til notenda með stefnuvirku loftneti.

Kort 2: Þjónusta á hafi úti, samtals 140.000 km²: Talpjónusta og 128 kbps í báðar áttir með “omnidirectional” loftneti.

Kort 3: Þjónusta á hafi úti, samtals 70.000 km²: Talpjónusta og >1Mbps til notenda með “omnidirectional” loftneti (117.000 km² með 60% líkum á >1 Mbps.)

Umsækjanda verður heimilt að óska eftir breytingu á útbreiðslukortum, sem fylgdu umsókn hans. Slíkar breytingar geta bæði tekið til staðsetningar móðurstöðva og útbreiðslueiginleika sendiloftneta. PFS mun taka afstöðu til slíkra óska á grundvelli stærðar dreifisvæðis og þess hve vel dreifisvæðið þjónar notendum, sérstaklega þeim sem ekki hafa aðgang að háhraða gagnaflutningsþjónustu.

6 Staðfestar upplýsingar um útbreiðslu

Innan 10 virkra daga frá lokum hvers áfanga sbr. 7. kafla skal fyrirtækið tilkynna PFS skriflega um útbreiðslu kerfisins og helstu tæknilega eiginleika þess á hverju svæði, sem hafa áhrif á þá þjónustu, sem veitt verður á hverju svæði.

Einnig skal afhenda PFS útbreiðslukort sem miðast við endanlega staðsetningu móðurstöðva og útbreiðslueiginleika sendiloftneta. Á slíkum kortum skal koma fram með skýrum hætti afmörkun þeirra svæða, sem uppfylla viðeigandi kröfur um útbreiðslu og gagnaflutningshraða. Kortin skulu send sem shape skrár í ISN93 landshnitakerfinu, Lambertvörpun. Einnig má senda útbreiðslukort á DXF eða DWG formi í sömu kortvörpun.

Miða skal við að gagnaflutningshraði sé mældur utanhúss í 1,7m hæð.

Við mælingu og mat á útbreiðslu mun PFS beita viðurkenndum aðferðum.

7 Hraði uppbyggingar

Fyrirtækið skuldbindur sig til þess að ná eftirtöldum áföngum eigi síðar en tilgreint er hér að neðan:

1. júní 2008: Upphaf þjónustu á 1/3-hluta tíðnisviðsins með a.m.k. 50 móðurstöðvum.

1. október 2008: Fullri útbreiðslu náð á 1/3-hluta tíðnisviðsins, þ.e. allir fyrirhugaðar móðurstöðvar hafa verið teknir í notkun.

7. janúar 2009: Allt tíðnisviðið tekið í notkun með öllum fyrirhuguðum móðurstöðvum og rekstri NMT-kerfisins hætt. Full þjónusta í samræmi við tilboð fyrirtækisins.

8 Framkvæmdaáætlun

Í samræmi við tilboð fyrirtækisins skuldbindur það sig til að framfylgja tímasettri framkvæmdaáætlun skv. sérstöku fylgiskjali, sem er órjúfanlegur hluti heimildar þessarar, dags. 25. maí 2007.

a. Undirbúningur (1. júlí 2007 – 31. janúar 2008)

Í þessum áfanga verður gengið frá samningum um aðstöðu fyrir móðurstöðvar og loftnet, samningum um sambönd við aðila sem slíka þjónustu veita. Þá verður gengið frá samningum við birgja alls vélbúnaðar og hugbúnaðar fjarskiptakerfa, og samið um afhendingu búnaðar.

b. Fyrsti áfangi uppbyggingar (1. febrúar 2008 – 31. maí 2008)

Í þessum áfanga verða fyrstu 50 móðurstöðvarnar settar upp þar sem megin áhersla verður lögð á þjónustu á hafsvæðum kringum landið. Að honum loknum er gert ráð fyrir að nánast fullri útbreiðslu hafi verið náð á sjó auk töluverðrar útbreiðslu á landi.

c. Annar áfangi uppbyggingar (1. júní 2008 – 31. september 2008)

Í þessum áfanga verða síðustu 47 móðurstöðvarnar settar upp.

d. Þriðji og síðasti áfangi uppbyggingar (1. október 2008 – 7. janúar 2009)

Allt tíðnisviðið skal tekið í notkun og full þjónusta veitt í samræmi við tilboð fyrirtækisins eigi síðar en 7. janúar 2009.

Póst- og fjarskiptastofnun mun fylgjast með framkvæmdaáætluninni frá einum mánuði til annars. Í því skyni skal fyrirtækið afhenda skriflega framvinduskýrslu síðast liðins mánaðar, fyrir 10. dag næsta mánaðar. Fyrsta skýrsla skal afhent fyrir 10. október 2007.

9 Lágmarksjónusta sem veita skal.

Veita skal farsímaþjónustu sem er sambærileg við það sem nú tíðkast í GSM farsímakerfum. Í því felst að þjónustan nái til a.m.k. almennrar talsímaþjónustu, gagnaflutnings og smáskilaboða (sambærileg við SMS).

10 Opinn aðgangur

Fyrirtækið hefur skuldbundið sig í tilboði sínu til að veita opinn aðgang að farsímakerfinu og skal því bjóða öðrum fjarskiptafélögum upp á þjónustu á heildsöluverði. Öll fjarskiptafélög skulu eiga þess kost að kaupa þjónustu fyrirtækisins til endursölu á sömu kjörum, óháð tengslum fyrirtækisins við endursöluaðilann. Þannig verði þess gætt í hvívetna að fullkomið jafnræði sé á milli þeirra aðila sem áhuga hafa á því að selja þjónustu félagsins í smásölu.

11 Tæknilegir eiginleikar í farsímanetinu.

Farsímakerfið skal frá upphafi vera tilbúið fyrir EV-DO Rev. A kerfi og því fræðileg gagnaflopningsgeta allt að 3,1 Mbps til notanda og 1,8 Mbps frá notanda.

Frávísun í kerfinu skal vera < 2%.

12 Fjarskiptavirki

Fyrirtækinu er heimilt að setja upp fjarskiptavirki, önnur en búnað fyrir þráðlaus fjarskipti, sem hluta af farsímaneti sínu sbr. 1. gr. án sérstakrar heimildar hverju sinni.

Uppsetning á hvers konar sendibúnaði fyrir þráðlaus fjarskipti, þ.m.t. móðurstöðvar og fastasambönd, er háð útgáfu leyfisbréfs sem Póst- og fjarskiptastofnun gefur út að fenginni umsókn frá fyrirtækinu. Í umsóknum skal tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radíóstöð eða samband þ.m.t. staðsetningu, tegund og hæð loftnets, pólun geislunar, sendistyrk og ráðgerða notkun. Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér rétt til að takmarka geislað afl á hverjum sendistað í þeim tilgangi að koma í veg fyrir líklegar truflanir, sbr. 13. kafla.

Staðsetningu sendibúnaðar fyrir þráðlaus fjarskipti skal tilgreina í hnitum samkvæmt ISN 93 landshnitakerfinu, Lambert vörpun.

13 Ákvæði vegna þráðlausra fjarskipta

Allur búnaður fyrir þráðlaus fjarskipti (radíóbúnaður) sem notaður verður skal vera CE-merktur af framleiðanda til staðfestingar á því að búnaðurinn uppfylli kröfur R&TTE tilskipunarinnar (1999/5/EC).

Fyrirtækið skal tryggja að búnaður í umráðum þess valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum fjarskiptum.

Fyrirtækinu ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um truflanir sem því eru kunnar, hvort sem eigin radíóbúnaður veldur þeim eða eða verður fyrir þeim.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að koma í veg fyrir vanda vegna truflana. Fyrirtækið skal fyrir eigin reikning hlíta fyrir mælum Póst- og fjarskiptastofnunar um að bæta úr truflanavanda sem stafar af búnaði þess.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla búnað, sem veldur alvarlegum truflunum eða bannað notkun hans sbr. 64. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Ef um verulegar og skaðlegar truflanir er að ræða sem ekki reynist unnt að koma í veg fyrir getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað réttindi til tíðninkunar.

Fyrirtækið skal gera ráðstafanir til að halda í lágmarki áhættu almennings af rafsegulgeislun sem stafar frá radíóbúnaði. Leitast skal við að staðsetja fjarskiptavirki þar sem almenningur verður fyrir sem minnstum áhrifum af slíkri geislun.

Fyrirtækið skal fara eftir fyrir mælum og reglum sem stjórnvöld kunna að setja um rafsegulgeislun þ.m.t. að fylgt sé ákveðnum stöðlum.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum í reglum eða viðeigandi stöðlum skal fyrirtækið bæta úr því án tafar eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis.

Ef samanlögð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvort öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal það fyrirtæki sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu eða hætta notkun hans.

14 Gjöld

Um gjöld sem fyrirtækinu ber að greiða til Póst- og fjarskiptastofnunar fer samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 og gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar.

Helstu árlegu gjöld eru rekstrargjald skv. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003, sem er nú 0,30% af bókfærðri veltu, tíðnigjald skv. 5. tölulið 1. mgr. 14. gr. a) sömu laga, sem er nú kr. 256.500 fyrir hvert MHz (9 MHz x 256.500 kr/ári/MHz = 2.308.500 kr/ári), og jöfnunargjald skv. 3. mgr. 22. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, sem er 0,12 % af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækis.

Vegna álagningar rekstrargjalds skv. 14 gr. laga nr. 69/2003 ber fyrirtækinu að skila Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingum um gjaldskylda veltu eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Berist Póst- og fjarskiptastofnun ekki upplýsingarnar innan tilskilins tíma er stofnuninni heimilt að áætla veltu viðkomandi aðila. Álagning rekstrargjalds skal fara fram eigi síðar en 15. maí ár hvert og greiðist gjaldið með þremur jafn háum greiðslum með gjalddaga 1. júní, 1. september og 1. desember.

15 Framsalsbann

Tíðniheimildin er bundin við lögpersónu og kennitölu fyrirtækisins og er ekki framseljanleg eða yfirfæranleg á nokkurn hátt, hvorki að hluta til né í heild, nema með samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við þau skilyrði sem kveðið er á um í 8. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

16 Breytingar á ákvæðum heimildarinnar

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að breyta ákvæðum í heimild þessari til samræmis við breytingar á lögum og reglugerðum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks. Nýtt gjald skal ekki tekið við slíka breytingu. Leiði breytingar á gildistíma heimildarinnar til skerðinga á réttindum fyrirtækisins samkvæmt heimild þessari öðlast það ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

17 Upplýsingaskylda og eftirlitsúrræði

Fyrirtækið skal sæta eftirliti með starfsemi sinni og fjárhag af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar, eins og nánar er kveðið á um í 4. gr. laga um Póst og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Póst- og fjarskiptastofnun er enn fremur heimilt að grípa til úrræða sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 69/2003, þ.e. að krefjast allra upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsingar þessar skulu veittar munnlega eða skriflega allt eftir ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar og innan þeirra tímamarka sem hún setur.

Sem hluti af eftirliti með starfsemi fyrirtækisins og fjárhagsstöðu getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að það afhendi henni ársreikninga, milliuppgjör, greinargerðir endurskoðenda þess og aðrar sambærilegar upplýsingar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækisins og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum um fjarskipti eða um Póst- og fjarskiptastofnun, reglum eða ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Fyrirtækið skal láta Póst- og fjarskiptastofnun í té allar þær tölfræðilegu upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegt að safna í þeim tilgangi að fylgjast með þróun á fjarskiptamörkuðum, t.d. upplýsingar varðandi fjölda notenda, stærð farsímaneta, umferð um farsímanet, fjölda bilana, fjölda kvartana, notendagjöld, tekjur, útgjöld og fjárfestingar. Póst- og fjarskiptastofnun mun í

Þessum tilgangi senda út spurningalista með reglulegu millibili og ber fyrirtækinu að svara þeim innan þess tíma sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður.

Fyrirtækið skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun ef breyting er gerð á nafni þess, heimilisfangi eða fyrirsvari.

Fyrirtækið skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um breytingar á eignaraðild þess ef um er að ræða 5% hlutafjár eða meira. Fyrirtækið skal veita Póst- og fjarskiptastofnun aðgang að hlutaskrá sinni þegar þess er óskað.

Fyrirtækið skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um eignaraðild sína að öðrum fjarskiptafyrirtækjum og breytingar þar að lútandi skulu tilkynntar jafnóðum.

18 Afturköllun tíðniheimildar og önnur þvingunarúrræði

Fyrirtækið skal standa við þær yfirlýsingar sem það gaf í umsókn sinni og sem liggja til grundvallar tíðniheimild þessari, s.s. skuldbindingar um uppbyggingu, þjónustu, þjónustusvæði, útbreiðsluhraða og opinn aðgang að farsímakerfinu. Upplýsingar sem fram komu í umsókn eru taldar til forsendna tíðniheimildarinnar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur afturkallað heimild þessa ef fyrirtækið stendur ekki í skilum með greiðslur gagnvart Póst- og fjarskiptastofnun, er veitt greiðslustöðvun eða verður gjaldþrota. Einnig getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað heimildina ef um brot er að ræða á ákvæðum heimildarinnar, lögum um fjarskipti, lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, reglugerðum um fjarskipti eða reglum settum af Póst- og fjarskiptastofnun, þó ekki fyrir en fyrirtækinu hefur verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum innan 30 daga frá tilkynningu Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi brotið.

Póst- og fjarskiptastofnun getur breytt eða afturkallað tíðniheimild þessa ef uppbygging og útbreiðsla farsímakerfisins, sbr. 5., 7. og 8. kafla og þjónusta við notendur þess er ekki í samræmi við skuldbindingar sem fram komu í umsókn fyrirtækisins.

19 Opinber birting tíðniheimildar

Tíðniheimild þessi telst vera opinbert gagn og verður birt á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar.

20 Gildistími

Heimild þessi gildir í 15 ár frá útgáfudegi hennar.

Reykjavík 25. maí 2007


Hrafnkell V. Gíslason

Guðmundur Ólafsson

Kort 1: Útbreiðslusvæði á landi



Kort 2: Útbreiðslusvæði á sjó - talþjónusta



Kort 3: Útbreiðslusvæði á sjó – 60% með 1 Mbps

